

Frá: Hildur Edwald <hildure@althingi.is>

Sent: fimmtudagur, 15. apríl 2021 15:09

Efni: Frá nefndasviði Alþingis - 708. mál til umsagnar

15. apríl 2021

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi), 708. mál

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 29. apríl nk. á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/altext/151/s/1187.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni

www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html

Bestu kveðjur

Hildur Edwald

skjalaritari

skrifstofa Alþingis, nefndasviði

sími 563-0422

gsm. 867-3295

www.althingi.is

Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.

[Fyrirvari/Disclaimer](#)



Alþingi - Nefndarsvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. apríl 2021
Tilvísun: 2021040133/50.12

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál 708, frumvarp til laga um breytingar á lögum vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis

Ísland er til tölvupósts frá skrifstofu Alþingis dags. 15. apríl 2021 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi), 708. mál. Með frumvarpinu á að greiða fyrir myndun hringrásarhagkerfis og auka endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs. Drög að frumvarpinu voru birt í samráðsgátt 15. janúar 2021 og gerði Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur umsögn um drögin dags. 4. febrúar s.l. og styðst eftirfarandi umsögn að mestu við þá umsögn. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur tekið málið og meðfylgjandi gögn til umsagnar og gefur eftirfarandi umsögn.

Almennt um frumvarpið:

HER telur jákvætt að skapa skilyrði fyrir myndun svokallaðs hringrásarhagkerfis í íslenski löggjöf og styður það markmið að auka endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs og draga verulega úr myndun hans. Betur þarf hins vegar að útfæra sumar þær lagabreytingar sem frumvarpið leggur til. HER bendir á að kostnaðargreina þarf frumvarpið en sem dæmi má nefna að kostnaður við söfnun og móttöku spilliefna frá einstaklingum gæti orðið umtalsverður. Eftir á að útfæra hvernig gjaldtaka á að vera fyrir slíka söfnun, er gjald innheimt með útsvari, greitt fast gjald eða verður greitt eftir magni? Hafa ber í huga mengunarbótaregluna, á að jafnskipta kostnaði við söfnun spilliefna á alla íbúa sveitarfélags, óháð því magni sem er að falla til hjá hverjum og einum? Eins gæti fallið til aukinn kostnaður á eftirlitsaðila vegna útgáfu starfsleyfa og eftirlits. Loks vill HER benda á að til að markmiðum frumvarpsins verði náð þarf að standa fyrir fræðslu fyrir bæði almenning og lögaðila. Frumvarpið hefur í för með sér nýjar skyldur og breytt starfsumhverfi og það þarf að kynna fyrir öllum hlutaðeigandi. Kostnaður við fræðslu hlýtur að falla á sveitarfélög, eftirlitsaðila og ríkisstofnanir eins og UST og MAST.

Einnig bendir HER á að söfnun á spilliefnum í nærumhverfi íbúa kallar á að gerðar séu kröfur um að merkingar og ílát undir spilliefnin séu fullnægjandi og að mengunarvarnir og öryggi á móttökustað séu tryggð, sbr. reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni. Móttaka á spilliefnum er starfsleyfis skyld starfsemi og þyrfti að vera heimild fyrir staðsetningu slíkra móttökustaða í skipulagi. Greiða þyrfti starfsleyfisgjald og eftirlitsgjald vegna reglubundins eftirlits með móttökustöðunum. HER telur að betur þurfi að rýna hvernig best sé að haga þessu söfnunarkerfi áður en ráðist er í breytingar á lögum.

HER vill árétta að við útfærslu á sérsöfnun úrgangs við heimili þurfi að huga vel að sóttvörnum, hollustuháttum og hreinlæti. Til fellur m.a. sóttmengaður úrgangur s.s. notaðar



grímur, tíðavörur og einnota bleyjur og tryggt þarf að vera að ekki stafi óhollusta eða hættu af því við innsöfnun, meðhöndlun eða förgun. Þess þarf að gæta að sóttmengaður úrgangur rati ekki í endurvinnslutunnur.

HER telur einnig að skoða þurfi betur hvernig skráningargátt fyrir úrgang og spilliefni á að virka. Eigi bæði móttökuaðilar og þeir sem úrgangurinn fellur til að skrá í gáttina og verður þá sami úrgangurinn tvískráður? Spilliefni og úrgangur falla til hjá fjölda fyrirtækja sem ekki eru starfsleyfis skyld svo erfitt gæti verið að fylgjast með hvort skyldu um skráningu sé sinnt. Eftir sem áður þurfa starfsleyfis skyld fyrirtæki að framvísa kvittunum fyrir skil á spilliefnum og förgun úrgangs við reglubundið eftirlit enda ber eftirlitsaðila að sinna rannsóknarskyldu sinni. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga yrði að hafa aðgang að skráningargátt til að staðfesta að upplýsingar séu réttar en slíkt hefur í för með sér aukna vinnu við eftirlit með tilheyrandi kostnaði.

Hvað varðar úrgang sem fellur til á byggingarsvæðum hefur HER aðeins með eftirlit við niðurrif mannvirkja, ekki með almennum byggingarframkvæmdum. Ekki er nóg að ganga bara úr skugga um að flokkun sé til staðar á framkvæmdastað, skila þarf staðfestingu á því að hver úrgangsstraumur fari í réttan farveg. Til staðar þarf að vera eftirlit með skilum og skráningu á úrgangi.

Að lokum vill HER nefna að sú skylda sem lögð er á sveitarfélög að bera ábyrgð á að tölulegum markmiðum sé náð gerir þá kröfu að þau hafi aðgang að nauðsynlegum gögnum til að geta metið það. Setja þarf ríkari heimildir fyrir aðgang að upplýsingum í lög svo sveitarfélög geti sinnt þessu hlutverki

Athugasemdir við einstaka greinar:

2. gr. frv. HER bendir á að móttaka á veiðarfærum er móttaka á úrgangi og starfsleyfis skyld sem slík. Það þarf að hafa hugfast ef koma á upp kerfi til að safna veiðarfærum og veita leiðbeiningar og fræðslu um það.

12. gr. frv. Vanda þarf útfærslu á sérsöfnun á spilliefnum í nærumhverfi íbúa. Þetta þarf að vera stýrt ferli undir umsjón (mönnuð stöð) þannig að flokkun, umbúnaður og flutningur á spilliefnum verði með þeim hætti að öryggi sé tryggt og ekki skapist mengunarhætta. Ef um ómannaða gámostöður er að ræða bíður það upp á hættu á mengunaróhöppum þar sem umbúðir springa eða rofna, efni geta blandast saman og einnig losnað út í umhverfi. Mikilvægt er að umbúðir henti því spilliefni sem um ræðir og að þær séu merktar með innihaldi.

14. gr. frv. HER ítrekar að sveitarstjórnir þurfa lagaheimildir til að nálgast upplýsingar sem þarf til að hafa eftirlit með að tölulegum markmiðum sé náð, sbr. almennar athugasemdir hér að ofan.

17. gr. frv. Mikilvægt er að vel sé staðið að fræðslu, bæði til almennings og lögaðila. Hlutverk HER er að hafa eftirlit með flokkun í starfsleyfis skyldri starfsemi en fræðslan þarf að koma fyrst og vera skilvirk. Í fræðslu þarf að koma fram að móttaka og flutningur úrgangs sé starfsleyfis skyld starfsemi og mikilvægt að skilum sé beint til aðila með starfsleyfi fyrir slíkri starfsemi þannig að rétt sé staðið að móttöku og flutningi.



20. gr. frv. HER bendir á að notaðar rafhlöður flokkast sem spilliefni þannig að móttaka og flutningur á þeim er starfsleyfisskyld. Það ber að hafa í huga þegar framleiðendum og innflytjendum iðnaðarrafhlaða og rafgeyma, eða þriðja aðila fyrir þeirra hönd, er gert skylt að taka á móti notuðum rafhlöðum og rafgeymum.

24. gr. frv. Samkvæmt skilgreiningu er handhafi úrgangs/spilliefna „framleiðandi úrgangs eða einstaklingurinn eða lögaðilinn sem hefur hann í vörslu sinni.“ HER bendir á að hér virðist sem bæði sá sem úrgangurinn myndast á og móttökuaðili falli undir þessa skilgreiningu sem getur þá orsakað tvískráningu á sömu spilliefnum í skráningargátt. Skyra þarf hvort og hvernig eigi að hafa eftirlit með að skráningar eigi sér stað og þær séu réttar. Rétt er að benda á að ákvæðið nær til fjölda fyrirtækja sem ekki eru starfsleyfisskyld og þar með ekki undir eftirliti auk einstaklinga.

31. gr. frv. HER telur fulla ástæðu til að hækka umtalsvert skilagjald sem greitt er þeim sem afhenda ökutæki til móttökustöðvar. Í frumvarpinu er lagt til að gjaldið verði óbreytt eða kr. 20.000 eins og það hefur verið í rúm 6 ár. HER hefur efasemdir um að þessi upphæð sé næg hvatning til eigenda að skila inn ökutækjum. Árið 2020 hafði HER afskipti af 1.000 númerslausum ökutækjum á borgarlandi. Stóran hluta ökutækjanna þurfti að fjarlægja af borgarlandi og taka í vörslu þar sem eigendur sinntu því ekki að fjarlægja ökutækið þrátt fyrir viðvörðun og frest til að gera svo. Ljóst er að 20.000 kr. hefur ekki verið nægur hvati til þess að eigendur þeirra hafi talið ástæðu til að sækjast eftir þeirri fjárhæð. Af þessum 1.000 ökutækjum lenti kostnaður við að fjarlægja og farga um 190 ökutækjum á Reykjavíkurborg þar sem eigendur ýmist fundust ekki eða urðu ekki við áskorun um að leysa ökutækið út og greiða tilfallinn kostnað. Vart getur talist sanngjarnt að sveitarfélagið beri allan kostnað af þeim málum og eðlilegt að Reykjavíkurborg og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur eigi kost á að fá skilagjald bifreiða til að mæta útlögðum kostnaði.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Guðjón Ingi Eggertsson
heilbrigðisfulltrúi